

BRÁÐABIRGÐALÖG um frestun á hækkun launa og búvöruverðs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefir tjáð mér að brýna nauðsyn beri til að skapa svigrúm fyrir undirbúning efnahagsaðgerða sem miða að því að skapa rekstrargrundvöll fyrir útflutnings- og samkeppnisgreinar atvinnulífsins og að hemja verðbólgu. Verði því að fresta launahækkunum og hækkun búvöruverðs sem koma áttu til framkvæmda í septembermánuði og ákveða um leið almenna verðstöðvun.

Fyrir því eru hér með sett svofelld bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar:

1. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 14, 20. maí 1988, skal launahækkun sú, sem samkvæmt þeim lögum skyldi taka gildi 1. september 1988 eigi koma til framkvæmda á gildistíma laga þessara.

2. gr.

Aðrar launahækkanir, þar með taldar hvers kyns greiðslur fyrir vinnuframlag, launahluti í gjaldskráum fyrir útselda vinnu eða sambærilegar þóknanir, sem koma áttu til framkvæmda 1. september 1988 eða annan dag á gildistíma laga þessara, skulu eigi koma til framkvæmda á gildistíma laga þessara.

3. gr.

Prátt fyrir ákvæði laga nr. 46, 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, skal eigi hækka verð búvara á gildistíma laga þessara.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum á lögnum fara að hætti opinberra mála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til loka september 1988.

Gjört á Blönduósi, 26. ágúst 1988.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.